



# Konur og karlar og atvinnusköpun í dreifbýli

Byggðaráðstefna Íslands 2014  
19-20. september, Patreksfirði

Sigurbjörg Ásgeirsdóttir, MA  
Þorgerður Einarsdóttir  
Prófessor í kynjafræði, HÍ



HÁSKÓLI ÍSLANDS



# Rannsóknarspurningar

- Hver er stefna stjórnvalda í atvinnumálum í dreifbýli? Að hvaða marki hefur verið horft til mismunandi stöðu kynjanna við opinbera stefnumótun og framkvæmd hennar?
- Hver er reynsla fólks af atvinnusköpun í dreifbýli á Vestfjörðum?
- Hvaða merkingu leggur það í reynslu sína, hvernig sér það framtíðina fyrir sér?





# Aðferð

- Eigindleg aðferð
- Stefna stjórnvalda í atvinnu- og byggðamálum
- Reynsla fólks af atvinnusköpun í dreifbýli með áherslu á Vestfirði
  - 15 viðtöl við 10 einstaklinga (5 konur og 5 karlar)
    - 2008 viðtöl tekin við 5 einstaklinga
    - 2012 annað viðtal tekið við sömu einstaklinga og 5 einstaklinga til viðbótar
    - Öll með reynslu af (eigin) atvinnurekstri





## Byggðastefna stjórnvalda

- Í orði kveðnu pólítísk samstaða um að viðhalda byggð á landsbyggðinni og styðja við atvinnustarfsemi
- Hugmyndir eru þó gjarnan skammtímalausnir og viðbrögð við „byggðavandanum“ hverju sinni
  - Dæmi: Vegagerð, loðdýrarækt eða fiskeldi sem mótvægisaðgerð v/samdráttar í landbúnaði eða minnkandi afla, oft að undirlagi hagsmunaaðila



# Játning stjórnámamanns

- „Þetta eru kjöraðstæður fyrir öflug hagsmunasamtök. Ráðuneytin hafa ekki roð við þeim þegar verst lætur. Þannig getur eiginlegt vald og stefnumótun færst úr höndum löggjafar og framkvæmdavalds til þeirra sem mest eiga í húfi. Kannski kom þetta best fram þar sem öflug atvinnugreinasamtök voru annars vegar, í stefnumótun í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum“

» Steingrímur Hermannsson í bók Dags B. Eggertssonar (1999:285)





# Landbúnaður

- Lengi vel stefnt að aukinni framleiðslu en ljóst eftir 1970 að sú stefna gengur ekki upp
- 1970-1980 offramleiðsla, taprekstur á útflutningi
  - Hugmyndir um aukna fjölbreytni; loðdýrarækt, fiskeldi
- 1978 „Hagræðing“... kvótakerfi (mjólk, sauðfé)
- 1983 „...meira renni til *nýrra* búgreina í landbúnaði“
- 1987 Landbúnaður „skógrækt...“





# Sjávarútvegur

- 1970 Skuttogaravæðing, útfærsla landhelgi (1972, 1974)
- 1975 **Svarta skýrslan**; ofveiði, of stór skipastóll
- Frá 1978 árangurslausar tilraunir til að takmarka veiðar
- 1983 Kvótakerfi - þótt enginn hafi haft það á stefnuskrá
- 1990 Framsal aflaheimilda
- 2012 Veiðigjöld, 2013 veiðigjöld lækkuð
  - *Kvótakerfið ein afdrífaríkasta stjórnvaldsákvörðun síðustu áratuga - frumkvæðið hagsmunaaðila*





# Orkufrekur iðnaður, útrás

- 1991-2008 Orkufrekur iðnaður, stóriðja, virkjanir, álver
- 2003 Orkufrekur iðnaður, erlendir fjárfestar
- 2007 „Útrás, hátækniiðnaður, sprotafyrirtæki; eitt atvinnusvæði, störf án staðsetningar“
- 2008 HRUN
- 2009 „...græn atvinnuuppbygging, sjálfbær þróun“







# Ferðapjónusta

- Átti að koma í stað atvinnusamdráttar og byggðaröskunar
  - (Byggðastofnun, 1993)
- „Íslensk ferðapjónusta verður í framtíðinni byggð upp á tveimur meginstoðum, íslenskri náttúru og íslenskri menningu og samverkan þessara þátta ... lögð er áhersla á að þrengja sem minnst að því frelsi og einstaklingsframtaki sem svo mjög hefur einkennt flóru íslenskrar menningarstarfsemi, en hefur *óneitanlega haft í för með sér nokkra óreiðu og skipulagsleysi og þar af leiðandi verri nýtingu fjármuna en ella*“
  - Tómas Ingi Olrich (2001:51, skáletrun okkar)





# Jafnréttissjónarmið í stefnumótun

- Ríkisstjórnin 1988:
  - „Sérstakt átak verði gert til að auka fjölbreytni í atvinnumálum kvenna á landsbyggðinni“
- Ríkisstjórnin 1995–1999:
  - Sjónarmið jafnréttis verði fléttað inn í alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum ríkisins
  - Jöfn tækifæri...“verði tryggð í hvívetna“...
- Ríkisstjórnin 2009:
  - Jafnréttismál flytjast í forsætisráðuneytið, að áhrif kvenna í endurreisninni verði tryggð, kynjasjónarmið í aðgerðum til atvinnusköpunar





## Staða kvenna

- Stuðningur stjórnvalda við atvinnusköpun lengst af í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaðarframleiðslu
  - Greinar þar sem fáar konur hafa rekið fyrirtæki
  - Fáar konur skráðar fyrir lögbýlum og sjávarútvegsfyrirtækjum þrátt fyrir vinnuframlag
- Ríkið gegndi forystuhlutverki í stóriðju (1995-2008) m.a. til að sporna gegn byggðaröskun
  - Konur 1/5 – 1/3 starfsmanna
  - Jók e.t.v. fjölbreytni vinnumarkaðar en með tilkostnaði





# Hvað segir fólkið sjálf?





# Stjórnvaldsaðgerðir

„Ég hef haft þá skoðun að stjórnvöld á hverjum tíma eiga svona að skapa skilyrðin þannig að það sé hagstætt hérna eða hagstæðara að nýta þá atvinnumöguleika sem eru fyrir og hafa alltaf verið fyrir.“

– Karlviðmælandi

„...þá dúkkar upp þessi bjargvættur sem refaræktin átti að verða í öllum sveitum.“

-Karlviðmælandi





# Loðdýrarækt

- „...ég var hvattur af bæði ráðunautum og stjórnvöldum að fara út í þetta og draga lappirnar í sauðfjárræktinni ... Svo drífum við allir í þessu og byggjum þetta allt saman upp. Þetta var bara vinna út í eitt, því við bjuggum til fóðrið sjálfir ... þessu var dritað út um allt land, burtséð [frá því] hvar var fóðurstöð.“
- Í dag er ég orðinn mjög sáttur við þetta, ég horfi á refaræktina sem skóla. Ef ég hefði farið í skóla þegar ég var ungur, þá væri ég kannski að borga námslánin ennþá. Í dag er ég að borga námslánin af refaræktinni. Á þeim forsendum get ég verið sáttur.  
– Karlviðmælandi





# Fiskeldi

- „Það var árið 1989 að maður var mjög hvattur til að fara út í fiskeldi .... Þá voru Norðmenn komnir nokkuð langt og verð á laxi var hátt ... Þetta lofaði góðu, þar sem aðstæður voru góðar og kjörhiti var á vatninu ... “
- „Ég upplifði það sem mikið basl ef ég á að vera heiðarlegur.“

– Karlviðmælandi





# Kvótinn

- „Uppbygging togaraflotans og bjartsýnin sem fylgdi í kjölfar útfærslu landhelginnar entist skammt og eftir að svarta skýrslan [kom] þá varð ljóst að ekki var innistæða fyrir allri þeirri veiði sem hafði verið fram að því“.
  - Karlviðmælandi
- „[Kvótakerfið saumaði] að byggðunum á sínum tíma án þess að menn gerðu sér nokkra grein fyrir því og ég er alveg viss um að hefði menn grunað út í hvað þeir voru að fara, þá hefðu þeir reynt að velja einhverja aðra leið“.
  - Karlviðmælandi







# Konurnar og stoðkerfið

- „Ég tala nú ekki um af því við erum svo margar konur í þessu fyrirtæki. Við erum búnar að leggja mikla vinnu á okkur og erum í alls konar að leita að styrkjum og skoða ýmsa möguleika til að auka til dæmis fjölbreytni í framleiðslu. [...] Mér finnst svona margir gefa það í skyn að ég viti ekki hvað ég er að tala um. Það er ekki bara í [nefnir atvinnugrein] heldur líka í sambandi við [nefnir aðra atvinnugrein]. Það liggur svona í orðunum. Er ekki hægt að tala við karlinn?“

– Kvenviðmælandi





# Konurnar og stoðkerfið

- „Ég sótti til dæmis um styrk hjá atvinnumálum kvenna sem er undir Vinnumálastofnun og fékk synjun. Ég er að skapa störf fyrir konur, sérstaklega. Þessi sjóður hefur ekkert verið að styðja mig“
  - Kvenviðmælandi
- „Styrkurinn fór nánast allur í aðra aðila, við þurftum að leita aðstoðar, fá ráðleggingar og ráðgjöf. Við þurftum náttúrlega að borga fyrir það. Þannig að peningurinn, hann endaði ekki hjá okkur. Hann endaði suður í Reykjavík ... [atvinnuþróunarfélagið] virkar á mann eins og lokaður hringur“
  - Kvenviðmælandi





# Konurnar og stoðkerfið

- „Og ég hef bæði gert umsókn sem er mjög ítarleg og líka gert umsókn eins og við köllum karlaumsókn. Og ... áætlanirnar þeirra eru yfirleitt miklu hærri en hjá konum. Við erum sko varfærnari. Og ég hef alveg sent þeim karlaumsókn og verið með stórar tölur og það kom heldur ekkert út úr því þannig að þetta er svoldið svona sérstakt og það mætti auðvitað styrkja mikið meira. Mér finnst það mætti styðja meira við bakið á okkur.“

- Kvenviðmælandi





# Ferðapjónusta

- „Ferðapjónustan er bara í plús. Það vantar bara svolítið meiri afþreyingu. Það vantar afþreyingu yfir veturinn, til að mynda norðurljósaferðir, kajaka, ferðir upp á fjöll og rjúpu. Og það vantar líka leiðsögumenn til að fara með fólk í vetrarferðir, vélsleðaferðir eða fjórhjólaferðir. Byggja upp gamlar rústir eins og verbúðir og láta fólk sofa þar.“
- Kvenviðmælandi





# Sérfræðingurinn í ljósi reynslunnar

- „Ég er alveg klár á því að konur undirbúa sig miklu betur. Já, mér finnst það, þær hugsa öðruvísi, það er meiri langtímahugsun, það er alveg klárlega. Þannig að ég styð sérstakt átak í að skapa störf fyrir konur bæði vegna þess að þær eru ekki eins agressívar í að sækja peninga og það þarf að hvetja þær meira, held ég, til að koma sínum hugmyndum á framfæri. Ef það var illa undirbúið verkefni, þá voru það einhverjir karlar með skyndihugmyndir. Þannig verkefni færðu ekki frá konum.“
  - Karlviðmælandi með reynslu af atvinnuráðgjöf





# Samantekt

- Skortur á heildarstefnumótun hamlar árangri
  - Áður fyrr sértækar skammtímalausnir, viðbrögð við bráðavanda
  - Refarækt og fiskeldi; karlar í forsvari, konur ekki sýnilegar
  - Margir lengi að borga „námslánin“ í skóla lífsins
- Konur haslað sér völl á seinni árum á eigin forsendum
  - Valdaminni, ekki setið við sama borð og karlar
  - Færri og lægri styrkir
  - Engu að síður frumkvöðlar, þrautseigar og bjartsýnni en karlarnir
- *Byggða- og atvinnustefna þarf að byggjast á jafnréttis- og kynjasjónarmiðum*

